



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDIR MEÐ FORSETUM FINNLANDS OG RÚSSLANDS NORÐURSLÓÐARÁÐSTEFNA Í SALEKHARD

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson situr í dag og á morgun, 24. og 25. september, ráðstefnu um málefni Norðurslóða, *The Arctic: Territory of Dialogue*, sem Rússneska landfræðifélagið efnir til í Salekhard í Yamal Nenets fylki í Norður-Rússlandi.

Á ráðstefnunni, sem einkum er sótt af vísindamönnum, sérfræðingum, kjörnum fulltrúum og embættismönnum, verður aðallega fjallað um nauðsyn umhverfisverndar á Norðurslóðum og hvernig hin viðkvæma náttúra verður best varin fyrir auknum umsvifum, framkvæmdum og atvinnurekstri á svæðinu.

Auk forseta Íslands munu forseti Rússlands, Vladimir Putin, og forseti Finnlands, Sauli Niinistö, flytja ræður á ráðstefnunni.

Á morgun, miðvikudaginn 25. september, mun forseti Íslands eiga fund með forseta Finnlands um aukið samstarf Íslendinga og Finna á Norðurslóðum en málþing um Norðurslóðir var haldið í tengslum við opinbera heimsókn forseta Finnlands til Íslands fyrr á þessu ári.

Þá mun forseti Íslands einnig eiga fund með forseta Rússlands, Vladimir Putin, þar sem fjallað verður um þróun samstarfs á Norðurslóðum, m.a. í ljósi áheyrnaraðildar forysturíkja í Asíu og Evrópu að Norðurskautsráðinu. Einnig verður rætt um vaxandi samstarf Íslendinga og Rússa á sviðum viðskipta, ferðaþjónustu og orkumála sem og menningararburði á Íslandi og í Rússlandi í tengslum við það að sjötíu ár eru liðin frá því að löndin tóku upp formlegt stjórnálagasamband.

24. september 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).